

157. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn á Teams fimmtudaginn 25. nóvember 2021 kl. 17

Úr skólanefnd voru mætt: Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Halldór Warén og Sigrún Birna Björnsdóttir. Stefán Bogi Sveinsson boðaði forföll. Mættir voru áheyrnarfulltrúarnir: Fjóla Orradóttir f.h. foreldra, Elísabeth Anna Gunnarsdóttir f.h. nemenda og Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar 16. september
2. Gangurinn í starfinu lok haustannar
3. Stefnuskjal skólans til næstu þriggja ára
4. Starfsmannamál
5. Önnur mál.

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar staðfest

Fundargerð 156. fundar var staðfest en bíður undirritunar.

2. Gangurinn í starfinu við lok haustannar

Skólameistari sagði frá starfinu. Vali fyrir vorönn er lokið og blokkataflan er tilbúin. Sagt var frá nýjum áföngum, legótækniáfangi og upplýsingatækniáfangi. Á seinni spönn haustsins var boðið upp á áfanga í kvikmyndagerð sem um 20 nemendur skráðu sig í. Rætt var um hugsanlega aðra nýja áfanga. 140 dagskólanemendur munu verða í námi á vorönn en ekki liggur fyrir hvað verður af fjarnemum. Senn líður að námsmatsdögum og útskrift sem verður í Egilsstaðakirkju laugardaginn 18. des. Síðasta skóladaginn verður útskriftarnemendum boðið í mat en kaffiveitingum á útskriftardegi sleppt. Árshátíð NME verður haldin föstudaginn 10. des í Valaskjálfi með fínunum mat og skemmtun. Formaður nemendafélagsins sagði frá undirbúningi fyrir árshátíð. Verið er að vinna og taka upp skemmtiatriði, tónlistatriði og undirbúa skreytingar Allir fara í hraðpróf. Ekki er hægt að hafa ball í þetta sinn. Félagslífið hefur gengið mjög vel og til dæmis voru piparkökuskreytingar í gær á miðvikudagssamkomu. Formaður NME sagði frá fyrirhugaðri undankeppni í rafíþróttum en ME átti tvo keppendur í keppni á vegum FRÍS í vor sem stóðu sig vel.

3. Stefnuskjal skólans til næstu þriggja ára

Skólameistari fer yfir stefnuskjalið sem sent verður til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í upphafi næstu viku. Vonir standa til að halda þeim ársnemendafjölda sem skólinn hefur fengið greitt fyrir og veita þá þjónustu sem verið hefur undanfarin ár. Skólinn hefur lagt sig fram í grænu skrefunum og mun innan tíðar ná því fimmta. Skrifað hefur verið undir samgöngusamning bæði við þá starfsmenn sem vilja og nemendur. Þeir sem skrifa undir fá umbun fyrir að koma í ME á umhverfisvænan hátt. Skólanefndin gerði ekki athugasemdir við stefnuskjalið enda er það í samræmi við aðra stefnuvinnu. Nefndarmenn mega senda skólameistara ábendingar ef þeir rekast á eitthvað við nánari lestur á skjalinu á næstu dögum.

4. Starfsmannamál

Skólameistari fór yfir breytingar á starfsmannahaldi. Þrír kennarar fara á afslátt á vorönn vegna aldurs og einn verður í veikindaleyfi. Tveir koma inn á seinni spönn úr fæðingarorlofi. Enn eru vandræði með eðlisfræðikennslu en fenginn hefur verið kennari frá FNV til að kenna eðlisfræði 2 og starfsmaður Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað kenndi einn jarðfræðiáfanga á haustönn og mun kenna einn áfanga

á vorönn. Auglýst verður eftir eðlisfræðikennara í 100% starf og stærðfræðikennara í 75% starf. Nokkrir nýir kennarar komu til starfa í haust. Hrafnhildur Magnadóttir hefur verið ráðin fjármálastjóri í 75% starf en staðan var auglýst í haust og bærust sex umsóknir.

Skólameistari sýndi drög að nýju skipuriti. Rætt um að gera lítilsháttar breytingu á framsetningu þannig að vægi ráðherra sé skýrt en að öðru leyti gerir skólanefnd ekki athugasemdir við skipuritið.

Jafnlaunavottun mun fara fram fyrir áramót. Mannauðsstjóri undirbýr þá vinnu.

5. Önnur mál


- Skólameistari sagði frá ráðuneytisfundum sem hann hefur átt síðustu vikur og eru á döfinni. Í fyrsta lagi átti hann fund með tengilið skólans í ráðuneytinu. Hann sýndi glæurnar sem farið var yfir á fundinum sem gáfu yfirlit um starfsemi og þróun skólans síðustu árin. Í öðru lagi fundaði ráðuneytisstjóri sérstaklega með skólameistara og var það gert í tengslum við könnun sem ráðuneytið lagði fyrir starfsmenn þar sem mat var lagt á stjórnendur. Kom skólameistari vel út í þeirri könnun. Þá verður á næstunni fundur um fjármál skólans með ráðuneytisfólki.
- Framkvæmdir hafa verið á haustdögum. Skólameistari sýndi mynd af hjólaskýlinu sem var vígt í haust. Þá hafa átta kennslustofur verið teknar í gegn, veggir málaðir, settir upp stórir skjáir og teknar niður töflur.
- Formaður nemendafélagsins sagði frá því að settar hafa verið körfur með tíðavörum inn á salerni nemenda og ME því ekki eftirbátur annarra skóla í þeim efnum. Skólanefnd fagnar því framfaraskrefi.
- Ytra mati á skólastarfinu er lokið og skýrsla um það væntanleg á næstu viku. Formaður skólanefndar greindi frá að hann hefði farið í ítarlegt viðtal hjá úttektafulltrúunum vegna þessa. Hann veltir fyrir sér hvort nægileg tenging væri við atvinnulífið og nærsamfélagið og hvort þar væri sóknarfæri. Skólameistari sagði að málið hefði verið talsvert rætt á haustönn og þar væru ákveðnar hugmyndir uppi. Aðrir nefndar menn nefndu að skólinn þyrfti að verða sýnilegri í samfélaginu. Auglýsa mætti betur bæði viðburði og starfið og hugsanlega væri hægt að fá Austurgluggann til að fjalla meira um spennandi hluti í skólastarfinu og félagslífinu.
- Þrjár fundargerðir frá kennarafundum síðustu vikna voru í fundargögnum og voru þær lagðar fram til kynningar. Engar athugasemdir við þær. Einnig var í fundargögnum undirritaður ársreikningur Skólasjóðs ME til upplýsinga fyrir skólanefnd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.10

Skúli Björn Gunnarsson



Anna Björk Guðjónsdóttir



Halldór Warén



Sigrún Birna Björnsdóttir

